

Nd.

107. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það fjármálaráðuneytinu, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseigenda til reykháfsmerkja og annara einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Er hannað að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefir verið veittur til samkvæmt framansögðu, eða svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið áður en lög þessi ganga í gildi. Fjármálaráðuneytið heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefir verið veittur til, og sendir lögreglustjórum landsins tilkynningar um hver áramót um breytingar, sem orðið hafa á skránni, og viðauka við hana. Brot gegn einkarétti til skipanafna og einkenna varða sektum samkvæmt 24. gr.

Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningastofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta hefir h/f Eimskipafélag Íslands sent sjávarútvegsnefnd með ósk um flutning. Nefndin samþykkti að flytja frv. félagsins með smávægilegri breytingu. Frv. miðar að því að tryggja skipaeigendum, að aðrir geti eigi tekið upp nöfn skipa þeirra né séreinkenni.